

**Mál nr. 123/2007**

**H ehf.  
og  
X hf. vegna A  
og  
Y hf. vegna B**

**Árekstur á gatnamótum Hálsabrautar og Krókháls 6. júní 2007**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 3. júlí 2007 ásamt fylgigögnum.
2. Tölvupóstur Y dags. 23. júlí 2007.

**Málsatvik.**

Skv. lögregluskýrslu ók ökumaður A austur Krókháls og ætlaði yfir gatnamót Hálsabrautar og Krókháls. Hann sá B sem var að aka framhjá gatnamótunum. Þá tók B skyndilega U beygju á gatnamótunum, með þeim afleiðingum að A ók í hlið B á vegarhelmingi A. Ökumaður A sagðist ekki hafa virt stöðvunarskyldu en fullyrðir þó í málskoti að hann hafi hægt verulega á sér. Ökumaður B segir í lögregluskýrslu að hann hafi ekið norður Hálsabraut og ákvað í skyndi að taka U beygju því hann var kominn of langt til að geta beygt austur Krókháls. Þá ók A inn í vinstri hlið bifreiðar hans. Ökumaður B fullyrti að A hefði ekki stöðvað á stöðvunarskyldu.

**Álit.**

Af gögnum málsins, m.a. ljósmyndum af vettvangi, verður ekki annað ráðið en að aksturslag B hafi verið sérlega óvarkárt og að við áreksturinn var B staðsett þvert á aksturstefnu A. A gat með engu móti séð fyrir að B myndi taka U beygju með þeim hætti sem raun ber vitni. Fyrir liggur að ökumaður A virti ekki stöðvunarskyldu, jafnvel þótt hann kunni að hafa hægt á sér við gatnamótin. Verður af þeirri ástæðu ekki hjá því komist að skipta sök, en þó þannig að meginsökin liggi á ökumanni B.

**Niðurstaða.**

B ber 2/3 hluta sakar og A 1/3 hluta.

Reykjavík, 7. ágúst 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.